

# STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1995

---

15. júní 1995

825

Nr. 347

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 202, 18. apríl 1994 um humarveiðar.

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir aftan miðnet. Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkisins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkisins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júlí 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

15. júní 1995

Nr. 348

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 291, 31. maí 1994 um botn- og flotvörpur.

1. gr.

3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Lágmarksmöskvastærð humarvörpu skal vera 80 mm. Þó er skylt að hafa tvö netstykki á legg úr a.m.k. 200 mm riðli á efra byrði belgs vörpunnar. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 3 x 4 metrar að stærð og skal því komið fyrir fremst á efra byrði vörpunnar fyrir

B 58

Gutenberg

aftan miðnet. Aftara netstykkið skal vera 2 x 2 metrar og skal það staðsett 2 metrum aftan við aftari rönd fremra netstykkins. Netstykki þessi skulu fest þannig að hver leggur netstykkins skal festast við 5 upptökur efra byrðisins.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast gildi 5. júlí 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júní 1995.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

## REGLUGERÐ

### um framkvæmd laga um grunnskóla nr. 66/1995.

1. gr.

Eftirtaldar greinar laganna koma nú þegar til framkvæmda:

- 1. gr. til og með 5. gr.
- 7. gr. til og með 9. gr.
- 11. gr. til og með 22. gr.
- 24. gr., fyrri mgr.
- 28. gr. til og með 37. gr.
- 39. gr.
- 44. gr. til og með 56. gr.

2. gr.

Eftirtaldar greinar laganna koma til framkvæmda 1. ágúst 1996:

- 6. gr.
- 10. gr.
- 24. gr., síðari mgr.
- 25. gr.
- 26. gr.
- 27. gr.
- 38. gr.
- 40. gr. til og með 43. gr.

3. gr.

Vikulegur kennslutími í grunnskólum skólaárið 1995-1996 fer eftir viðmiðunarstundaskrá er menntamálaráðuneytið gefur út.

Starfsdagafjöldi í grunnskólum skólaárið 1995-1996 fer eftir skóladagatali er menntamálaráðuneytið gefur út og gildandi kjarasamningum.

4. gr.

Fram til 1. ágúst 1996 fer um aðild ríkissjóðs að rekstri grunnskóla og fyrirkomulag sérfræðipjónustu eftir ákvæðum laga nr. 49/1991.